

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hraunbær 143.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 7. september 2022, breytingu á deiliskipulagi Hraunbæjar-Bæjarháls vegna lóðarinnar nr. 143 við Hraunbæ. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreint er svæði fyrir „létt“ sorpgerði á lóð (ekki lokuðum manngerðum skýlum) auk textabreytingar í skilmálatexta. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kjalarnes, Esjumelar-Varmadalur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 15. september 2022, tillögu að breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðisins Esjumela á Kjalarnesi vegna Kalksléttu 1 og Koparsléttu 22. Breytingin felst í skilgreiningu staðfangs hinnar sameinuðu lóðar. Í stað þess að hún beri nafnið Koparsléttu 22 er lagt til að hún beri nafnið Kalksléttu 1 og munu skilmálar Kalksléttu 1 gilda fyrir hina sameinuðu lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vinlandsleið 12-14.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 15. desember 2022, breytingu á deiliskipulagi Grafarholts, athafnasvæðis vegna lóðarinnar nr. 12-14 við Vinlandsleið. Í breytingunni sem lögð er til felst að afmarkaður er reitur fyrir reiðhjólaskýli á núverandi bílastæði á sunnanverðri lóðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skútuvogur 5 og 7-9.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 5. janúar 2023, breytingu á deiliskipulagi Skútuvogs austur vegna lóðanna nr. 5 og 7-9 við Skútuvog. Í breytingunni sem lögð er til felst annars vegar að minnka tengibyggingu milli húshluta 5 og 7 en bæta þar við stigahúsi og hins vegar að stækka tengibyggingu milli húshluta 7 og 9. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugavegur 157.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 12. janúar 2023, breytingu á deiliskipulagi Skúlagarðsreits eystri vegna lóðarinnar nr. 157 við Laugaveg. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun lóðarinnar í samræmi við nýtt lóðarblað, 31. mars 2022, og minnkar nýtingarhlutfall vegna stækkunar lóðar, ásamt því að hámarksbyggingarmagn er aukið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 30. janúar 2023.

Björn Axelsson.